



Öryggis og slysavarnaráætlun Bláskógaskóla Laugarvatni

ENDURSKOÐUÐ SEPTEMBER 2021

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Forvarnir og fræðsla	1
Regluleg fræðsla og æfingar	1
Öryggisferlar og viðbragðsáætlanir.....	2
Öryggi í skólanum	3
Minniháttar slys og áverkar	9
Alvarleg slys	9
Eftirmáli slyss í skólanum:.....	10
Skýrslugerð vegna skólaslysa, vinnuslysa og árása.....	10
Slysavarnir.....	11
Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum	11

Inngangur

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að hver skóli geri sér áætlun um öryggismál og slysavarnir. Ekki eru gefnar nákvæmar leiðbeiningar vegna þessara áætlana en skólunum gefnar frjálssar hendur með nálgun. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og

Áætlun þessi er unnin með hliðsjón af þeim handbókum. Menntamálastofnun hafa gefið út **handbækur um velferð og öryggi barna** í leikskólum og grunnskólum:

<https://mms.is/handbaekur-um-oryggi-og-velferd-barna-i-leik-og-grunnskolum>.

Heilsuvera.is gefur einnig út **handbækur um slysavarnir barna** sem er að finna hér:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/fyrirbyggjandi/slysavarnir-barna/>

Forvarnir og fræðsla

Lögð er áhersla á það við alla starfsmenn skólans að þeir kynni sér öryggis og slysavarnaráætlun skólans sem og viðeigandi handbækur. Allir starfsmenn fara reglulega á skyndihjálparnámskeið, annað hvort hjá viðurkenndum aðilum og framvísa þá skírteini þar um eða á námskeið sem að skólinn skipuleggur og heldur reglulega. Það þarf að gera að minnsta kosti annað hvert ár. Starfsmenn eru þannig í stakk búnir til að sinna minniháttar slysum sem að upp kunna að koma í starfinu bæði hjá nemendum og samstarfsfólki.

Regluleg fræðsla og æfingar

Allir starfsmenn fá fræðslu á hverju ári í öryggismálum og viðbrögðum við slysum. Þetta er gert með því að rifja upp öryggisáætlanir skólans, halda reglulegar rýmingaræfingar og skoða aðra ferla sem í gildi eru. Hugað er að þeim nemendum og mögulega starfsmönnum sem að þjást af bráðaofnæmi og viðbrögð rifjuð upp og æfð með hlutaðeigandi starfsmönnum. Farið er yfir sjúkrakassan og innihald hans yfirfarið og annað sem að mikilvægt er að þekkja skil á.

Öryggisferlar og viðbragðsáætlanir

Skólinn er með virkar öryggisáætlanir enda kveðið á um það í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Þær áætlanir sem eru í gildi eru:

- Áætlun um viðbrögð við áföllum
- Rýmingaráætlun
- Öryggis og slysavarnaráætlun
- Fíkniefna og áfengisvarnaráætlun
- Eineltisáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Umbótaáætlun

Farið er yfir þessar áætlanir á hverju ári og þær endurskoðaðar, rýndar og samþykktar. Mikilvægt er að allir starfsmenn taki virkan þátt í þessari vinnu.

Auk áætlananna starfar við skólann öryggisnefnd í samræmi við lög um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Nefndin tekur á starfi og starfsaðstæðum starfsmanna skólans.

Góð samskipti foreldra og skóla eru grundvallaratriði þegar tryggja þarf öryggi barna. Þar sem foreldrar og skóli bera sameiginlega ábyrgð á öryggi barnsins á leið í og úr skóla er mikilvægt að kynna fyrir foreldrum hvaða öryggisreglur gilda í skólanum og hvernig heimilið og skólinn geta hjálpast að við að framfylgja þeim til að tryggja börnum hámarksöryggi. Mikilvægt er að setja upplýsingarnar á heimasíðu skólans og fjalla um öryggismál og viðbragðsáætlanir í skólanámskrá.

Eftirfarandi atriði er mikilvægt að kynna fyrir foreldrum:

- Skólareglur skólans.
- Aðferðir skólans við að tryggja jákvæðan skólabrag og öryggi nemenda.
- Viðbrögð í skóla ef barn hlýtur minniháttar meiðsli og hvað talin eru minniháttar meiðsli.
- Viðbrögð í skóla ef barn verður fyrir ofbeldi af einhverju tagi innan eða utan skóla eða hlýtur alvarleg meiðsli á skólatíma.
- Upplýsingar um nemendur vegna slysa og bráðaveikinda.
- Tryggingar skólans ef barnið slasast – hver ber kostnað.
- Þeir ferlar sem unnið er eftir þegar slys verður.
- Þeir ferlar sem unnið er eftir eftir í kjölfar slyss.
- Fyrirkomulag öryggismála í skólanum og í öllu starfi hans.
- Örygg aðkoma gangandi og hjólandi barna að skóla.
- Öryggi í akstri skólabíla.
- Örygg aðkoma foreldra sem aka börnum í skóla.
- Öryggi í ferðalögum skólabarna.
- Vinnureglur skólans varðandi ofbeldi og einelti.
- Viðbrögð við náttúruvá – almannavarnir.
- Starf skólahjúkrunarfræðings – skólaheilsugæslu.

Í upphafi hvers skólaárs er mikilvægt að minna foreldra á ákveðin öryggisatriði svo sem öryggi barna á leið í og úr skóla hvort sem þau ganga, hjóla eða eru keyrð í skólann í einkabíl eða í skólabíl.

Öryggi í skólanum

Huga þarf að öllum aðbúnaði nemenda og starfsfólks í skólanum og annarstaðar þar sem að nám og kennsla fer fram. Þetta er gert í samræmi við lög og reglugerðir þar um. Huga þarf að ýmsum atriðum s.s. aðbúnaði, hljóðvist, búnaði og námsgögnum sem og ferðum og skipulagi. Stuðst er við áður nefnda handbók þegar þessi atriði eru könnuð.

Eftirfarandi lög og reglugerðir eru hafðar til hliðsjónar:

Húsnæði og skólalóðir skulu uppfylla kröfur laga um grunnskóla, nr. 91/2008, reglugerðar um búnað skólahúsnæðis og skólalóða, nr. 657/2009, aðalnámskrár grunnskóla, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, reglugerðar um öryggi leikvallartækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002 ásamt reglugerð um vélar og tæknilegan búnað, nr. 1005/2009 og Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins um skóla þar sem við á. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé búið öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

Mikilvægt er að starfsfólk stundi fyrirbyggjandi aðgerðir og sé meðvitað um þá hættu í nánasta umhverfi sem nemendum getur stafað af svo sem af tækjum og tólum og sjái fyrir þær hættur sem hugsanlega geta komið upp.

Ganga þarf úr skugga um að ekki leynist hættur í umhverfi nemenda sem valdið geta slysum og því er mikilvægt að allt umhverfi sé eins öruggt og hægt er. Æskilegt er að reynt sé að koma í veg fyrir eins mikið og hægt er og gera áhættumat.

Stjórnendur meta hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar bæði í skólahúsnæðinu og á skólalóð. Ef starfsfólk þarf að bregða sér frá er mikilvægt að annað starfsfólk sé látið vita.

Við skipulag og framkvæmd vinnuumhverfis og vinnuaðstæðna í skólastofum skal taka mið af Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins ásamt öðrum þeim vinnuumhverfisvísium, lögum og reglugerðum sem þar er getið. Í verkmenntastofum skal sérstaklega hugað að öryggiskröfum um vélar, tæknilegan búnað, efnisnotkun, loftgæði og loftræstingu og aðgengi að fyrstu hjálp og taka mið af reglugerð um vélar og tæknilegan búnað, nr. 1005/2009.

Hávaði hefur ekki einungis áhrif á heyrn og nám. Þekkt er að hávaði veldur streitu og getur haft aðrar neikvæðar afleiðingar á andlega og líkamlega líðan barna. Til að meta áhrif hávaða á nám og líðan nemenda í skólum er mikilvægt að við reglulegar kannanir á líðan nemenda í skólum sé spurt sérstaklega út í hljóðvist og vinnuaðstæður barna. Mikilvægt er að mælingar séu miðaðar við börn og unglunga og taki sérstakt tillit til heyrnar- og hljóðnæmni þeirra sem og þeirrar starfsemi sem fram fer í skólanum. Mikilvægt er að miðað sé við þau skilyrði sem þarf til þess að börn geti tileinkað sér nám. Ekki er nóg að miða við þau mörk hávaða sem beinlínis skemma heyrn. Mikilvægt er að allur búnaður sé keyptur með góða hljóðvist í huga. Á vef umhverfisstofnunar eru leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna þar sem meðal annars má finna góð ráð gegn hávaða í umhverfi barna. Taka skal mið af viðmiðum í Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins varðandi hávaða.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa gefið út handbókina <https://www.samband.is/verkefniin/fraedslumal/verkefni/hljodvist-og-raddvernd-i-skolum/> sem nýta má við skipulagningu skólastarfs og umhverfis.

Á matmálstíma, þegar heitur matur er á borðum, er mikilvægt að hugað sé að öryggi nemenda. Ef boðið er uppá heitar súpur eða annan heitan vökva fyrir börn þarf að gæta þess að ekki hellist yfir þau eða þau brenni sig á annan hátt. Mikilvægt er að setja reglur um öryggi í matmálistímum til að koma í veg fyrir brunaslys.

Bókaskápar og hillur á að festa við vegg óháð hæð. Ganga þarf frá öryggi þeirra á viðeigandi hátt t.d. með því að setja festingar á skápana sem auðvelt er að losa. Sé um varanlega staðsetningu slíkra innanstokksmuna að ræða á að koma fyrir festingu á veggjum. Slíkur frágangur er mikilvægur í tilvikum jarðskjálfta og ekki síst ef barn klifrar upp á skáp. Æskilegt er að velja skilrúm sem eru stöðug eða festa þau við vegg eða gólf.

Öll húsgögn á hjólum geta verið varasöm en þau eru valtari en hefðbundin húsgögn þrátt fyrir þyngd þeirra. Húsgögn á hjólum eiga einnig að vera föst við vegg eða gólf með festingum sem auðvelt er að losa og festa aftur.

Slyshætta getur fylgt útidyrhurðum í skólum. Ganga þarf úr skugga um að hurðapumpa sé á útidyrhurð og að eftirlit sé með því að pumpan virki eins og til er ætlast. Klemmuvarnir eiga að vera á öllum hurðum þar sem börn á yngsta stigi dvelja og þær þarf að yfirfara reglulega. Mikilvægt er að opnanleg fög séu með öryggislæsingu. Öryggislæsingin þarf að stilla með þeim hætti að gluggaopið verði ekki meira en 9 sm. Í sumum byggingum eru gluggar notaðir sem neyðarútgangar.

Opnanlegu fögin á þeim eru stór og verða að hafa læsingu sem auðvelt er að opna ef koma þarf fólki út úr brennandi húsi en vera þó þannig úr garði gerð að yngri börn geti ekki opnað hana. Í byggingum með gluggum sem ná niður á gólf og aðgengi barna að þeim er auðvelt skal setja öryggisgler.

Gardínubönd geta vafist um háls barna. Gardínum með snúru eða perlukeðju, t.d. rúllugardínur og rimlagardínur, sem notuð eru til að draga þær upp eða niður skal ganga þannig frá að snúran skapi ekki hættu fyrir börn.

Hitastýrð blöndunartæki, með heitu vatni sem að hámarki verður 38°C, eiga að vera á öllum handlaugum í skólum og í sturtum/handsturtum til að koma í veg fyrir að börn brenni sig á heitu vatni.

Bil á milli rimla má ekki vera meira en 89 mm. Það sama gildir um bil á milli gólfa og handriða. Opið í opnum þrepum má ekki vera meira en 89 mm. Gæta þarf að því að þrep séu ekki hál. Gæta þarf vel að því að ekki sé notað efni á gólf sem veldur hálfu. Handrið eiga að vera fyrir börn jafnt sem fullorðna. Lágmarkshæð handriða er 120 cm. Handrið eiga að vera með lóðréttum pílum til að hindra klifur.

Við hönnun og frágang salerna skal taka mið af byggingarreglugerð, nr.112/2012 og reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002.

Í skólaeldhúsum er mikið af hættulegum hlutum, s.s. ýmis tæki til matreiðslu og beittir hnífar, því þarf að vera hægt að loka eldhúsinu. Í skólum, þar sem opið er inn í eldhúsi eða nemendur eiga þangað erindi sem hluta af sínu námi, á að ganga þannig frá tækjum og tólum að þeir geti ekki skaðast af þeim.

Öll eiturefni og önnur hættuleg efni skulu geymd í læstri geymslu og gengið þannig frá þeim að nemendur hafi ekki aðgang að þeim nema undir eftirliti kennara. Mikilvægt er að starfsfólk þekki aðvaranir á umbúðum. Lista yfir merkingar eiturefna er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>. Ef plöntur eru í skólanum ber að ganga úr skugga um að þær séu ekki eittraðar.

Samkvæmt byggingarreglugerð, nr. 112/2012 skulu vera lekastraumsrofar (lekaliðar) í öllum byggingum. Lekastraumsrofi er öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir rafmagnslys. Rík krafa er gerð til rafmagnstækja og öryggis þeirra. Ef tækin brotna eða rafmagnssnúrir þeirra trosna er mikilvægt að slíkt sé lagað. Flestar innstungur eru með öryggislæsingu sem kemur í veg fyrir að börn geti stungið hlutum inn í þær og þannig fengið rafstraum. Ef innstungur brotna eða losna frá vegg er nauðsynlegt að gera við þær strax.

Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að engin hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist. Æskilegt er að banna alla notkun kerta í skólum. Í allri umgengni við opinn eld skal sýna aðgát og ekki skal skilja logandi kerti eftir eftirlitslaus meðan starfsmaður víkur frá. Kveikjarar og eldspýtur skulu geymdar í læstum hirslum.

Við val á námsgögnum og leikföngum verður að hafa í huga að þau hæfi aldri og þroska þeirra barna sem þau eru ætluð. Mikilvægt er að skoða viðvörunarmerkingar vel og fara eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja leikfanginu. Leikföng og leiktæki skulu uppfylla kröfur reglugerðar um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar nr.

408/1994 og vera CE merkt. Starfsfólk skóla skal framkvæma reglubundið eftirlit með námsgögnum og leikföngum samkvæmt gátlista sem skólinn útbýr.

Leikföng sem ætluð eru börnum yngri en 14 ára eiga að vera CE merkt. CE merking vöru gefur til kynna að varan uppfylli þær lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd sem settar eru fram í Evróputilskipunum sem gilda hér á landi. CE merkið er ekki öryggis- eða gæðastimpill heldur til staðfestingar á því að leikfangið uppfylli kröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar samkvæmt CE staðli.

Skólastjóri og íþróttakennarar skulu gæta fyllsta öryggis nemenda á þeirra vegum. Skólastjóri skal fara yfir öryggismál í íþróttakennslu með íþróttakennurum skólans og skulu þeir vinna samkvæmt öryggishandbók þessari ásamt reglum um öryggi í íþróttahúsum.

Íþróttakennari skal ganga frá öllum búnaði á öruggan hátt og yfirfara salinn áður en kennsla hefst og fjarlægja hluti sem mögulega geta valdið slysum. Gæta skal sérstaklega að því að gengið sé frá öllum mörkum þannig að þau geti ekki dottið yfir börn.

Ef íþróttakennari biður nemendur að aðstoða sig við að ná í búnað eða ganga frá honum er

mikilvægt að hann tryggji að örugglega hafi verið gengið rétt frá áður en börnin fara í búnaðargeymslu.

Æskilegt er að íþróttakennari ráðleggi nemendum og foreldrum um réttan fatnað og skó sem hæfa íþróttakennslunni.

Í sundkennslu á vegum grunnskóla skal fara eftir reglugerð frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, nr. 814/2010 og [Öryggishandbók fyrir sund og baðstaði](#). Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu ávallt gæta þess í samvinnu við starfsfólk sund og baðstaða að nemendur fari ekki að laug á undan þeim. Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu aldrei víkja frá laug fyrr en allir nemendur eru farnir inn í búnings- eða baðklefa. Þau varúðaratriði sem laugarverðir eiga að fylgja gilda einnig fyrir kennara og þjálfara nemenda.

Í 15. grein reglugerðarinnar stendur: „Starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar og sundþjálfarar skulu hafa náð 18 ára aldri og standast hæfnispróf árlega samkvæmt III. viðauka.

Prófskírteini skulu vera starfsmönnum heilbrigðiseftirlits aðgengileg. Nánari upplýsingar um

hæfnispróf starfsmanna er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Skólastjóri ber ásamt sundkennara ábyrgð á að reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og Öryggishandbók fyrir sund og baðstaði sé framfylgt. Það skal tekið fram að þó að reglugerðin geri miklar kröfur til rekstraraðila ber sundkennarinn fyrst og fremst ábyrgð á öryggi nemenda. Sundkennari má því aldrei víkja frá nemendum meðan á kennslu stendur. Í öllum sundlaugum þar sem skólasund fer fram skal vera virkt samstarf sundkennara og öryggisgæslu sundlaugar um öll öryggisatriði er snúa að skólasundi.

Í laugum sem ekki hafa laugarverði vinnur skólastjóri að gerð öryggisferla í samvinnu við sundkennara.

Um öryggi á skólalóðum gildir reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002. Reglugerðin tekur á öllum þáttum er lúta að öryggi barna.

Ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hætta eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu eða hættu á drukknun. Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hætta á og við leiksvæðið.

Hafa skal í huga:

- Að börn geti ekki hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.
- Að tryggja þarf góða lýsingu á leiksvæðum.
- Haga skal frágangi á grindverki á lóð skólans þannig að börnum stafi ekki hætta af.
- Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar.

Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er öryggisvísir leiksvæða sem gagnlegt er fyrir skólastjóra og rekstraraðila að kynna sér.

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar í frímínútum og ferðum á vegum skólans. Ef starfsfólk á útvakt í frímínútum þarf að bregða sér frá er mikilvægt að annað starfsfólk sé látið vita.

Í kringum skóla og á öllum leiðum að skóla, hvort heldur er frá bílastæði, gönguleið eða hjólastígum, þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Æskilegt er að birta á umferðarleiðum milli bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geti slysaheittu. Skipta þarf strax um perur og lagfæra ljós sem bila.

Ef girðingastaurar, ljósastaurar og hlið eru úr járn, t.d. galvaniseruð, þarf að mála þá upp í 1,5 m hæð því annars er hætta á að börn geti fest við þá tungu eða fingur í frosti. Gagnlegt getur verið að mála alla ljósastaura í áberandi lit til að sjónskertir sjái þá.

Huga ber að því að ruslaskýli, tunnur og gámar, sem eru staðsett upp við skólabyggingar, geta haft ákveðna hættu í för með sér svo sem brunahættu vegna íkveikju í rusli og fallhættu ef börn nota það sem tröppur til að komast upp á byggingar.

Mikilvægt er að við grunnskóla séu hjólastandar þannig að börn geti gengið frá hjólum sínum á öruggan hátt. Hjólastandar þurfa að vera staðsettir þar sem ekki er hætta á að fólk falli um þá, helst nokkrum metrum frá inngangi. Mikilvægt er að merkja svæðið í kringum þá þannig að sjónskertir einstaklingar sjái þá.

Þegar barn byrjar í skóla þarf að kynna foreldrum/forráðamönnum barnsins aðkomu umferðar að skólanum. Slíkt dregur úr líkum á að hætta skapist vegna umferðar á álagstímum.

Mikilvægt er að allir sem erindi eiga í skóla komist þangað á öruggan hátt gangandi, hjólandi og/eða akandi. Þess skal gætt að umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin eins og hægt er.

Æskilegt er að bílastæði við skóla sé staðsett við skólabygginguna og merkt sérstaklega fyrir

starfsfólk og foreldra. Gangbrautir skulu merktar þannig að sá sem ekur inn á bílastæðið sjái hvar þær eru.

Nauðsynlegt er að taka á hraðakstri við skóla með bættri hönnun umferðarmannvirkja og liðsinni lögreglu.

Æskilegt er að sem flest börn gangi eða hjóli í skólann en þannig skapast minni hætta af umferð ökutækja við skólann. Mikilvægt er að kynna árlega öruggar göngu- og hjólaleiðir og ábyrgð foreldra á öryggi barna á leið í og úr skóla. Ávallt skal gæta öryggissjónarmiða í þessum efnum. Æskilegt er að skólinn hafi frumkvæði að því að hvetja börn til að nota hjálm við hjólreiðar. Á vef samgöngustofu eru upplýsingar um öryggisbúnað vegna hjólreiða.

Þar sem ekki er séraðkoma bíla með aðföng er mikilvægt að fara yfir hvar hentugast er að bílar komi að skólahúsnaðinu án þess að ógna öryggi barna. Kynna þarf fyrir bílstjórum eða merkja vel bestu og öruggustu leiðina fyrir þá til að koma með aðföng í skólann. Æskilegt er að aðstæður séu skipulagðar þannig að stór ökutæki þurfi ekki að aka afturábak á skólalóð eða þar sem vænta má barna.

Tröppur, rampar og handrið eiga að uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar, nr. 112/2012. Æskilegt er að handrið sé við allar tröppur. Ef brotnar upp úr þrepum eða þau losna þarf að gera við þau strax.

Mikilvægt er að huga að hálkuvörnum í kringum skóla. Skýr verkaskipting þarf að vera á meðal starfsmanna sveitarfélaga hvað hálkuvarnir varðar. Áður en starfsemi hefst í skólanum þarf að vera búið að hálkuverja. Sama gildir um snjómokstur. Þar sem því verður við komið ættu gönguleiðir að skólabyggingum að vera hálkugarðar t.d. með hita undir gangstéttum/göngustígum. Ef ekki er hiti undir gangstéttum/göngustígum er mikilvægt að rekstraraðili sjái til þess að leysa þann vanda með söltun eða sandburði. Æskilegt er að rekstraraðili geri leiðbeiningar um hálkuvarnir í samvinnu við skólustjóra. Ganga þarf úr skugga um að þær séu virkar. Bílastæði geta oft verið mjög hál og því mikilvægt að gerðar séu sambærilegar ráðstafanir þar.

Leikvallatæki þurfa að uppfylla kröfur reglugerðar um öryggi leikvallatækja og svæða og eftirliti með þeim nr. 942/2002.

Í reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 kemur fram að:

- Fylgja þarf leiðbeiningum framleiðenda um viðhald á leikvallatækjum.
- Rekstraraðili er ábyrgur fyrir að framkvæma reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.
- Innra eftirlit skal framkvæmt samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirliti þarf að tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið. Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.

- Ábyrgðaraðili innra eftirlits gerir rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna upplýsingar og handbækur um skoðanir á ástandi leiksvæða og leikvallatækja. Þar eru einnig tillögur að gátlistum fyrir reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.

Minniháttar slys og áverkar

Minniháttar slys og áverkar eru skilgreind þannig að ekki þarf að leita til læknis. Skrámur, blóðnasir, marblettir og aðrar skeinur teljast til minniháttar óhappa enda gengið út frá því að gera megi að þessum áverkum með búnaði úr sjúkrakassa í skólanum.

Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórnin felst í eftirfarandi þáttum:

- Hugað er að þeim slasaða og metið hvort kalla þurfi á aðstoð eða hvort nemandinn geti farið inn inn á skrifstofu þar sem gert er að sárum hans.
- Kallað eftir hjálp ef þurfa þykir (sjá áætlun um meiriháttar slys).

Á skrifstofu skólans metur sá er þar er á vakt hvort leita eigi með hinn slasaða til hjúkrunarfræðings eða stjórnanda. Sé hjúkrunarfræðingur ekki við skal kalla eftir skólastjórnanda sem tekur þá við stjórn.

Gert er að sárum nemandans og metið hvort nemandinn geti tekið þátt í skólastarfinu það sem eftir er dagsins. Haft er samband við foreldra viðkomandi barns og þeir upplýstir um málið og þeir beðnir um að sækja barnið ef þurfa þykir.

Sá starfsmaður er fyrstur kom að slysinu eða hjúkrunarfræðingur/skólastjórnandi þarf að fylla út slysskráningarblað og láta umsjónarkennara viðkomandi nemanda vita af slysinu og til hvaða aðgerða hafi verið gripið.

Hafi nemandi orðið fyrir höfuðhöggi skal láta foreldra vita strax og næstu skref ákveðin í samráði við þá þar sem heilahristingur kemur oft ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma. Eftirlit skal haft með nemandanum þar til hann er kominn í hendur foreldra eða annarra þeirra sem hafa umsjón með barninu.

Alvarleg slys

Alvarlega slys eru þau slys þar sem aðkoma læknis er nauðsynleg. Til alvarlegra slysa teljast t.d. brunasár, beinbrot, andlitsáverkar, tannskemmdir, þung höfuðhögg, tognanir, bakáverkar eða innvortis meiðsl/þung högg á kvið.

Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn á vettvangi þar til skólastjórnendur og/eða skólahjúkrunarfræðingur koma. Stjórnin felst í því að:

- Vera yfirveguð/aður og bregðast fumlaust og örugglega við aðstæðum.
- Beitið fyrstu hjálp og látið hringja í 112/sjúkrabíl ef um alvarlegt slys er að ræða.
- Yfirgefið ekki þann slasaða, sendið heldur eftir aðstoð.
- Kalla til skólastjórnanda/skólahjúkrunarfræðing (ef er á staðnum)
- Hlúa að hinum slasaða eftir því sem hægt er. Teppi og sjúkragögn eru varðveitt hjá ritara, skólahjúkrunarfræðingi og í íþróttahúsi.
- Gerið ráðstafanir til að vísa öðrum nemendum frá vettvangi.

Skólastjórnendur sjá til þess að þegar sé haft samband við foreldra og þeim gert viðvart um slysið. Þurfi nemandi að fara með sjúkrabíl á slysideild fer starfsmaður með honum í bílnum ef foreldrar eru ekki til staðar. Starfsmaður skal bíða með nemandann hjá lækni eða á slysideild þar til foreldrarnir koma. Starfsmaður skal greina foreldrum frá atvikinu á eins hlutlausan og nærgætinn hátt og hægt er og beina þeim spurningum til heilbrigðisstarfsmanna sem honum er ekki unnt að svara. Umsjónarkennarar viðkomandi nemanda skulu hið fyrsta vera upplýstir um málið og ræða þeir við samnemendur hans. Mikilvægt er að ræða málið á eins hlutlausan og nærgætinn hátt og mögulegt er og að svara spurningum nemenda eins skýrt og hægt er.

Eftirmáli slyss í skólanum:

- Skólastjórnendur safna staðreyndum um slysið.
- Ef slys verður í skólaferð sjá umsjónarmenn ferðarinnar um að safna staðreyndum um slysið og upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála.
- Skólastjórnendur virkja áfallaráð ef þurfa þykir.
- Skólastjórnendur tilkynna foreldrum viðkomandi nemenda um atburðinn.
- Farið yfir staðreyndir málsins með kennurum og starfsfólki skólans.
- Skólastjórnendur í samráði við áfallaráð ákveða hvernig tilkynna skal foreldrum nemenda um slysið.
- Áfallaráð ásamt umsjónarkennurum ræða við og vinna með nemendum sem tengjast málinu.

Skýrslugerð vegna skólaslysa, vinnuslysa og árása

Skólahjúkrunarfræðingur hefur hjá sér sérstök eyðublöð sem fylla á út þegar um skólaslys á nemendum er að ræða. Sá kennari/starfsmaður sem er vitni að slysinu fyllir út eyðublaðið með skólahjúkrunarfræðingi sem varðveitir það.

Þegar alvarleg slys verða, t.d. beinbrot, tannbrot, augnáverkar, skaði í andliti skal kalla til lögreglu vegna skýrslutöku.

Tilkynna skal til Vinnueftirlits Öll vinnuslys/árásir sem valda fjarvistum starfsmanns einum degi fram yfir slysa-/árásardag

Í þeim tilvikum sem sér á starfsmanni vegna árásar skal atvikið skráð á sérstakt eyðublað sem er í vörslu skrifstofustjóra skólans.

Slysavarnir

- Til þess að vita hvernig bregðast skuli við slysum, er æskilegt að starfsfólk skólans sækji námskeið í skyndihjálpi annað hvert ár.
- Í skólanum hanga uppi veggspjöld um skyndihjálpi – skoðið þau og bendið nemendum á að kynna sér efni þeirra.
- Starfsfólk skal gera það sem í þess valdi stendur til að lagfæra slysaáhrif en láta húsvörð vita eða skólastjórnendur ef um mikla eða flókna framkvæmd er að ræða.

Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum

Menntamálaráðuneyrið hefur gefið út handbækur um velferð og öryggi barna í [leikskóla](#) og [grunnskóla](#) Þessar handbækur voru gefnar út 2014.



